

Mál nr. 301/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Kona féll í gólfið er gjaldkerastóll rann undan henni þann 1.7.2008.****Gögn.**

128. Málskot, móttakið 10.7.2011, ásamt fylgigögnum.

129. Bréf X, dags 27.7.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var við störf í bankanum V er hún hugðist setjast upp á háan gjaldkerastól. Rann þá stóllinn undan henni með þeim afleiðingum að M féll í gólfið og hlaut áverka á hálsi og vinstri öxl. M kveðst hafa verið að koma úr sumarleyfi umræddan dag og búið hafi verið að skipta um gjaldkerastóla þar sem þeir sem fyrir voru höfðu verið fjarlægðir vegna viðhalds. Þeir stólar sem settir voru í staðinn hafi verið of léttir og hún hafi ekki fengið neinar viðvaranir frá V um það að stóllinn væri of léttur. Kveður M að V beri ábyrgð á tjóninu m.a. með vísan til ákvæða 13. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, svo og 5. og 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um tæki. Þá er og vísað til 79. gr. laga nr. 46/1980 um að V hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlits ríkisins. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X.

Álit.

Ekki liggur fyrir í málinu annað en að stóll sá sem rann undan M hafi verið venjulegrar gerðar og fullnægt öllum kröfum sem gerðar eru við framleiðslu stóla eins og hér um ræðir. Þá er ekkert sem gefur ástæðu til að ætla að stóllinn hafi að einhverju leyti verið vanbúinn eða haldinn einhverjum ágalla. Þá verður heldur ekki talið að tilefni hafi verið til þess að af hálfu V væri með einhverju móti varað við notkun stólsins. Eins og mál þetta er í pottinn búið er ekki ástæða til að sönnunarbyrði um tildrög slyssins verði varpað yfir á V þótt tilkynning um slysið til Vinnueftirlitsins kunni að hafa farist fyrir. Samkvæmt þessu telst ósannað að slysið verði rakið til atvika sem V ber skaðabótaábyrgð á. Það fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 16. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.